

Sp.

645. Skýrsla

um störf Norðurlandaráðs árið 1977.

Íslandsdeildin og verkaskipting hennar.

Hinn 20. desember 1976 voru fulltrúar í Íslandsdeild Norðurlandaráðs kosnir í sameinuðu Alþingi. Þessir alþingismenn hlutu kosningu: Ragnhildur Helgadóttir, Jón Skaftason, Sverrir Hermannsson, Magnús Kjartansson, Ásgeir Bjarnason og Gylfi Þ. Gíslason. Varamenn voru kjörnir: Axel Jónsson, Jón Helgason, Sigurlaug Bjarnadóttir, Gils Guðmundsson, Halldór Ásgrímsson og Eggert G. Þorsteinsson.

Verkefnum var skipt á þennan hátt á fundi 5. janúar 1977: Formaður Jón Skaftason, varaformaður Ragnhildur Helgadóttir, í vinnunefnd Jón Skaftason, Ragnhildur Helgadóttir og Gylfi Þ. Gíslason, í laganeftnd Ásgeir Bjarnason, í menningarmálanefnd Gylfi Þ. Gíslason, í félags- og umhverfismálanefnd Ragnhildur Helgadóttir, í samgöngumálanefnd Magnús Kjartansson, í efnahagsmálanefnd Sverrir Hermannsson og Jón Skaftason.

Á fyrsta fundi 25. þings Norðurlandaráðs var Jón Skaftason kjörinn í forsætisnefnd ráðsins og Ragnhildur Helgadóttir kjörin varamaður hans í nefndinni. Í efnahagsmálanefnd voru kjörnir Jón Skaftason og Sverrir Hermannsson, í menningarmálanefnd Gylfi Þ. Gíslason, félags- og umhverfismálanefnd Ragnhildur Helgadóttir, samgöngumálanefnd Magnús Kjartansson og í laganeftnd Ásgeir Bjarnason. Á sama fundi voru voru Ragnhildur Helgadóttir og Gylfi Þ. Gíslason kjörin í upplýsingamálanefnd og jafnframt ritstjórnarnefnd tímaritsins Nordisk Kontakt. Gylfi Þ. Gíslason og Gils Guðmundsson voru kjörnir í fjárlaganefnd. Jón Skaftason var kjörinn í eftirlitsnefnd Norræna fjárfestingarbankans. Í nefnd til að taka til athugunar stjórn Norræna menningarmálasjóðsins var kjörinn Gylfi Þ. Gíslason og til vara Ragnhildur Helgadóttir.

Fulltrúar Íslands á 25. þingi Norðurlandaráðs.

Þing Norðurlandaráðs var upphaflega kvatt saman 19. febrúar, en vegna þingkosninga í Danmörku um það leyti var þinginu frestað til 31. mars. Þingið var haldið í Ríkisþingshúsinu í Helsingfors og var því slitið 3. apríl, á pálmansunnudag. Í forföllum Ásgeirs Bjarnasonar og Magnúsar Kjartanssonar sátu þingið varafulltrúarnir Halldór Ásgrímsson og Gils Guðmundsson. Af ríkisstjórnarinnar hálfu sátu þingið Geir Hallgrímsson, Einar Ágústsson, Matthías Á. Mathiesen og Vilhjálmur Hjálmarsson. Ritari Íslandsdeildarinnar var Friðjón Sigurðsson.

25 ára afmælis ráðsins var minnst á hátíðarsamkomu í Finlandiahúsinu föstudaginn 1. apríl. Einn af heiðursgestum á þinginu, Bertil Ohlin frá Svíþjóð, flutti afmælisræðu. Aðrir boðsgestir ráðsins í tilefni afmælisins voru Jens Otto Krag og Knud Thestrup frá Danmörku, K.-A. Fagerholm frá Finnlandi, Sigurður Bjarnason frá Íslandi, Nils Herlitz frá Svíþjóð og Einar Gerhardsen og John Lyng frá Noregi. Höfðu þeir allir gegnt forusthlotverki á þingum ráðsins og í öðrum störfum þess á liðnum aldarfjórðungi. Auk þessara manna voru fimm boðsgestir sem höfðu lengi gegnt ritarastörfum fyrir Norðurlandaráð.

Málaskrá.

Á málaskrá 25. þings Norðurlandaráðs voru 30 þingfulltrúatillögur (A-mál), 4 ráðherranefndartillögur (B-mál), 4 skýrslur frá samstarfssamtökum Norðurlanda (C-mál) og 50 umsagnir frá ráðherranefnd Norðurlanda (D-mál). Auk þess voru bornar fram á þingfundum og svarað 17 fyrirspurnum (E-mál).

Á þinginu voru 18 fulltrúatillögur samþykktar sem ályktanir. Enn fremur voru samþykktar 5 yfirlýsingar byggðar á skýrslu ráðherranefndarinnar um norrænt samstarf. Almennu umræðurnar fjölluðu um skýrslu ráðherranefndarinnar og skýrslu forsætisnefndar Norðurlandaráðs.

Almennar umræður.

Af Íslands hálfu tóku þátt í almennu umræðunum Geir Hallgrímsson, Ragnhildur Helgadóttir, Jón Skaftason, Einar Ágústsson og Halldór Ásgrímsson. Geir Hallgrímsson ræddi m. a. um árangur af starfi Norðurlandaráðs og samstarfi Norðurlandabjóðanna í aldarfjórðung og gildi þess fyrir Ísland, minntist á aðstoð Norðurlandabjóðanna við Íslendinga eftir eldgosið í Vestmannaeyjum. Ragnhildur Helgadóttir gat m. a. um sérstöðu tungumála Finna og Íslendinga í samskiptum Norðurlanda, fiskveiðilögsögu Íslands og friðsamlega lausn á deilu Íslendinga og Breta skömmu eftir yfirlýsingu forsætisnefndar Norðurlandaráðs um það mál á þinginu í Kaupmannahöfn 1976. Jón Skaftason ræddi m. a. um hlutverk Norðurlanda og Norðurlandaráðs á alþjóðavettvangi og æskilega leið til að framleiða á Norðurlöndum matvæli handa sveltandi þjóðum. Einar Ágústsson talaði einkum um árangur og gildi norræns samstarfs á ýmsum sviðum og þátttöku Norðurlanda í alþjóðasamstarfi. Halldór Ásgrímsson ræddi m. a. um efnahagsmál, verslunarviðskipti Íslands og ananrra Norðurlanda, lýðfrelsi og náttúruvernd.

Laganefnd.

Laganefnd fékk til meðferðar hluta af skýrslu ráðherranefndarinnar. Í sérstakri yfirlýsingu var mælt til þess, að ráðherranefndin hefði frumkvæði að samræmingu nýrra lagafyrirmæla um fjárhagsleg réttaráhrif hjónabands, bæði efni þeirra og gildistöku. Jafnframt var mælt til að samræmdar yrðu réttarreglur um fjármál sambúðarfólks utan hjónabands.

Í sömu yfirlýsingu var ráðherranefndin hvött til að gefa sérstakan gaum að friðhelgi einstaklinga gagnvart tölvuskram.

Fjallað var um tillögu um að halda nefndarfundir Norðurlandsráðs meir fyrir opnum tjöldum en verið hefur, svo að fjölmiðlar gætu fylgst betur með störfum ráðsins. Laganefndin féllst á, að æskilegt væri að auka almennan áhuga á starfi Norðurlandaráðs. Hins vegar taldi hann aðrar leiðir henta betur en hér var lagt til. Menn óttuðust að umræður á nefndarfundum yrði ekki eins opinskáar og ella og gæti það leitt til lakari undirbúnings mála undir opinberar umræður á þingi Norðurlandaráðs.

Í tillögun þingfulltrúa var lagt til að ríkisstjórnir Danmerkur, Finnlands, Íslands og Svíþjóðar flyttu árlega á löggjafarþingum landanna skýrslu um norrænt samstarf. Var vísað til þeirrar venju, sem komin væri á í Noregi. Nefndin taldi sig ekki geta mælt með samþykkt þessarar tillögu. Meginástæðan var sú, að dómi nefndarinnar, að þingvenjur væru mismunandi í löndunum og fleiri leiðir gætu verið til að veita vitneskju um samstarf Norðurlanda.

Tillaga var um sjálfstæða aðild Færeyinga að Norðurlandaráði. Samþykkt var bæði í nefnd og í þinginu að fresta meðferð þess máls.

Meningarmálanefnd.

Meningarmálanefnd fékk til meðferðar hluta af skýrslu ráðherranefndarinnar og var formaður nefndarinnar, Gylfi Þ. Gíslason, framsögumaður hennar. Álit nefndarinnar og tillaga um yfirlýsingu var samþykkt einróma á þinginu. Í yfirlýsingunni var látið í ljós, að auka bæri verulega fjárráð Menningarmálasjóðs Norðurlanda og Norðurlandaráð ætti að fá heildargreinargerð um fé á fjárlögum þjóðanna, sem veitt væri til starfsemi á sviði menningarsáttmála Norðurlanda.

Tillaga var um að skora á ráðherranefndina að gera grein fyrir því, hvernig mætti skipuleggja og efla kennslu Norðurlandamála í háskólum og öðrum menntastofnunum utan Norðurlanda. Í álit nefndarinnar var hvatt til, að þjóðirnar legðust á eitt um að efla kennslu Norðurlandamála í öðrum löndum.

Samþykkt var tillaga um að kannað yrði, hvort tók væru á að auka samstarf hljóðritasafna á Norðurlöndum og setja á stofn samnorræna skráningu hljóðritaðs efnis.

Samþykkt var tillaga um að koma í veg fyrir útflutning forngripa og annarra safnmuna og samræma löggjöf þjóðanna um það efni.

Þingið samþykkti enn fremur ályktun til ráðherranefndarinnar um að kanna og leggja fram tillösu um varanlegt samstarf í því skyni að auka útbreiðslu norræna kvikmynda á Norðurlöndum.

Félags- og umhverfismálanefnd.

Félags- og umhverfismálanefnd fékk til meðferðar hluta af skýrslu ráðherranefndarinnar. Í greinargerð nefndarinnar er mælt til, að ráðherranefndin geri sem allra fyrst ráðstafanir til að vinna gegn notkun sterkra deyfilyfja, svo sem morfíns og heróíns. Mælt er til, að fljótlega komi til framkvæmda sameiginlegar reglur um sérfræðiviðurkenningu lækna og sameiginlegt gildi lyfseðla alls staðar á Norðurlöndum. Lögð var áhersla á að gerður yrði Norðurlandasamningur um umhverfi á vinnustað, komið yrði á fót deildarskiptum norrænum samtökum til rannsókna á starfs-umhverfi, könnuð yrðu skilyrði til að stofna sjóð til að standa undir rannsókn umhverfis á vinnustöðum og aflað yrði nákvæmara yfirlits um atvinnusjúkdóma en verið hefur.

Þingið samþykkti að tillögu nefndarinnar ályktun um, að ráðherranefndin kannaði þjóðhagslegar og félagslegar afleiðingar af styttingu vinnutíma.

Nefndin lagði til með hliðsjón af tillögu þingfulltrúa, að kannaðir yrðu möguleikar á að koma á fót norrænni vinnumarkaðsstofnun.

Mælt var til, að samin yrði framkvæmdaáætlun um samstarf Norðurlanda í jafnréttismálum og lögð fyrir 26. þing ráðsins.

Nefndin lagði fyrir þingið álit um tillögu ráðherranefndarinnar um samvinnu Norðurlanda í félags- og heilbrigðismálum. Tillagan var samþykkt á þingsinu.

Ályktað var, að vinna bæri að eflingu samstarfs um verndun votlendis, sem hefði verulegt vistfræðilegt gildi.

Samgöngumálanefnd.

Samgöngumálanefnd fékk til meðferðar hluta af skýrslu ráðherranefndarinnar. Í yfirlýsingu nefndarinnar var ráðherranefndin hvött til að hraða afgreiðslu ýmissa mála, sem vörðuðu samgöngur milli landanna, og var gert ráð fyrir, að ráðherranefndin flytti á næsta þingi Norðurlandaráðs tillögu um samstarf að ferðamálum.

Samþykkt var ályktun um að auka vernd barna í umferðinni og efla skólakennslu um umferðarmál.

Efnahagsmálanefnd.

Efnahagsmálanefnd fékk til meðferðar hluta af skýrslu ráðherranefndarinnar. Í yfirlýsingu nefndarinnar var m. a. fjallað um samstarf í olíu- og gasmálum landanna við Norðursjó.

Þingið samþykkti áskorun á ráðherranefndina, að fylgst yrði nákvæmlega með meðferð og geymslu geislavirks úrgangs. Nefndin lagði á það áherslu í álit sínu, að ekki fælist í þessu afstaða til notkunar kjarnorku á Norðurlöndum.

Nefndin skilaði álit um fjórar tillögur um norrænt samstarf til aðstoðar við þróunarlöndin. Í samþykkt þingsins var mælt til að haldið yrði áfram í auknum mæli

sameiginlegri aðstoð Norðurlanda við þróunarlöndin innan marka Oslóarsamkomulagsins.

Þingið samþykkti að tillögu nefndarinnar að fela ráðherranefndinni að heita sér fyrir því, að Norðurlandaþjóðirnar vinni að því á alþjóðavettvangi að varðveita siglingafrelsi.

Nokkrar ályktanir.

Á 25. þingi Norðurlanda voru samþykktar m. a. ályktanir um :

- 1) meðferð og geymslu geislavirks úrgangs,
- 2) frjálsar siglingar,
- 3) aðstoð við þróunarlöndin,
- 4) styttingu vinnutíma,
- 5) vinnumarkaðsmál,
- 6) félags- og heilbrigðismál,
- 7) akstur undir áhrifum áfengis,
- 8) vernd barna í umferðinni,
- 9) kennslu Norðurlandamála utan Norðurlanda,
- 10) útflutning forngripa frá Norðurlöndum,
- 11) landbúnaðarrannsóknir,
- 12) samskipti hljóðritasafna,
- 13) dreifingu norrænna kvikmynda.

Ráðstefnur og kynningarstarfsemi.

7. janúar hélt Íslandsdeild Norðurlandaráðs fund með fulltrúum frá stjórnarmála-flokkunum um upplýsingaþjónustu Norðurlandaráðs.

12. og 13. maí var haldin á vegum menningarmálanefndar Norðurlandaráðs ráðstefna um hugsanlega notkun gervihnatta til dreifingar á sjónvarps- og útvarpsefni í hverju landi um sig og um Norðurlönd öll sameiginlega. Ráðstefnunni stýrði Gylfi Þ. Gíslason, formaður menningarmálanefndarinnar. Var málið rætt frá ýmsum hliðum og mismunandi sjónarmið sett fram. Varaformaður nefndarinnar, Per Olof Sundman, dró saman í lok ráðstefnunnar helstu efnisatriði, sem fram komu í umræðunum. Hann taldi enn mörgum spurningum ósvarað í sambandi við þessi mál og hefði þeim fremur fjölgað en fækkað við umræðurnar. Flestir, jafnvel þeir sem neikvæða afstöðu hafi til málsins, muni hó húast við að samnorrænni dreifistöð fyrir útvarp og sjónvarp verði skotið á loft áður en mjög langt um líður. Honum virtist flest benda til, að dagskrám Norðurlanda mundi dreift um löndin öll, a. m. k. er frá liði. Þótt önnur leið yrði ef til vill valin í upphafi. En mjög margt krefðist nánari athugunar varðandi málið allt.

Dagana 22.—24. maí gekkst forsætisnefnd Norðurlandaráðs fyrir ráðstefnu um refsiviðurlög á Norðurlöndum, og var hún haldin á Fjóni. Meginviðfangsefni ráðstefnunnar var að fjalla um valkosti um refsiviðurlög og félagslega endurhæfingu.

Í tilefni af 25 ára afmæli Norðurlandaráðs gengust Norræna félagið og Íslandsdeild Norðurlandaráðs fyrir kynningu á starfi ráðsins og norrænni samvinnu. Voru haldnir fundir víða um land í þessu skyni.

Reykjavík, apríl 1978.

Jón Skaftason.